

***Próf í verðbréfavíðskiptum
A-hluti***

Íslensk réttarskipun, fræðikerfi lögfræðinnar (50%)

Ábyrgðir (25%)

Ágrip úr réttarfari (25%)

Mánudagur 12. nóvember 2001 kl. 16:00-20:00

Leyfileg hjálpargögn:

Í A-hluta er eingöngu leyfilegt að hafa lög og reglugerðir.

Það er leyfilegt að hafa lög útprentuð af Netinu.

Prófið er í þremur hlutum, 6 bls. alls (þessi meðtalin).

*Vinsamlegast skilið hverjum hluta á sér próförk,
gætið þess að merkja prófblöðin og hverja próförk með prófnúmeri.*

Munið að slökkva á farsímum og vinsamlegast hafið persónuskilríki á borðum.

1. Íslensk réttarskipun, fræðikerfi lögfræðinnar (50%)

A. Krossaspurningar (30%)

Merkið við eitt rétt svar fyrir framan viðeigandi staflið. Ekki eru dregin frá stig fyrir röng svör.

1. Í rúmustu merkingu sinni merkir orðið „lög“:
 - a. Hið sama og orðið „réttur“
 - b. Skráð fyrir mæli handhafa allsherjarvalds
 - c. Hvers konar settar réttarreglur
 - d. Einstakan lagabálk
2. Allsherjarréttur...:
 - a. Er annað heiti á fræðigreininni stjórnskipunarréttur
 - b. Skiptist í einkarétt (einkamálarétt) og opinberan rétt
 - c. Er sú grein þjóðaréttar sem fjallar um allsherjarréttarleg málefni þjóðanna
 - d. Er sú fræðigrein lögfræðinnar sem fjallar um handhöfn og meðferð ríkisvalds
3. Réttarheimildir eru í stuttu máli...:
 - a. Þau gögn, sú háttsemi, þær hugmyndir og hvaðeina annað, sem handhafar lagasetningarvalds telja á hverjum tíma að nota skuli eða nota megi til rökstuðnings þegar réttarreglu er slegið fastri eða hún mótuð almennt eða í einstöku tilfalli
 - b. Hvaðeina það sem almennt er viðurkennt að nota megi til rökstuðnings réttarreglu
 - c. Fyrirmæli handhafa allsherjarvalds sem heimild hafa til þess að stjórn lögum eða öðrum lögum að mæla fyrir um háttsemi manna
 - d. Kenningar fræðimanna um lög og rétt
4. Með settum rétti er átt við...:
 - a. Skráðar yfirlýsingar handhafa allsherjarvalds sem hafa heimild að stjórn lögum eða öðrum lögum að mæla fyrir um háttsemi manna
 - b. Skráðar yfirlýsingar handhafa lagasetningarvalds sem hafa heimild að stjórn lögum eða öðrum lögum að mæla fyrir um háttsemi manna
 - c. Skráðar yfirlýsingar handhafa framkvæmdavalds sem hafa heimild að stjórn lögum eða öðrum lögum að mæla fyrir um háttsemi manna
 - d. Skráðar yfirlýsingar Alþingis og forseta
5. Til grundvallarlaga heyra...:
 - a. Allar mikilvægustu réttarreglur íslensks réttar, þar á meðal reglur um mannréttindi
 - b. Öll ákvæði stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944
 - c. Öll ákvæði stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 auk ákvæða mannréttindaskrár Lýðveldisins
 - d. Flest öll ákvæði stjórnarskrárinnar

6. Hvaða lög ber að leggja undir þjóðaratkvæði samkvæmt stjórnarskránni?
- Lög um breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944
 - Lög um breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 auk laga sem forseti synjar staðfestingar
 - Lög um breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 auk laga sem forseti synjar staðfestingar og laga um breytingar á kirkjuskipan ríkisins
 - Lög um breytingar á kirkjuskipan ríkisins og lög sem forseti synjar staðfestingar
7. Íslenskir dómstólar...:
- Hafa ekki vald til að meta hvort lög Alþingis samræmist grundvallarlögum, ef frá er talinn Hæstiréttur Íslands og Stjórnlagadómstóll Íslands
 - Hafa ekki vald til að meta hvort lög Alþingis samræmist grundvallarlögum, ef frá er talinn Hæstiréttur Íslands
 - Hafa vald til að meta hvort lög Alþingis samræmist grundvallarlögum og fella þau formlega úr gildi ef þau eru talin þeim andstæð
 - Hafa vald til að meta hvort lög Alþingis samræmist grundvallarlögum og virða þau að vettugi ef þau eru talin þeim andstæð
8. Mannréttindasáttmáli Evrópu frá 1950, ásamt síðari viðaukum...:
- Er hluti stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, sbr. nánar VI. kafla hennar
 - Hefur verið fullgiltur og lögfestur á Íslandi
 - Hefur verið fullgiltur og beitt af dómstólum með svipuðum hætti eins og hann hefði verið lögfestur
 - Hefur nýlega verið fullgiltur en enn ekki verið lögfestur
9. Afdrif lagafrumvarps geta falist í...:
- Að verða ekki útrætt við þinglok og falla þá sjálfkrafa niður
 - Að hljóta samþykki beggja þingdeilda Alþingis og vera afgreidd sem lög frá Alþingi
 - Að daga uppi hjá ríkisstjórn eftir að samþykkt Alþingis liggur fyrir
 - Að hljóta samþykki sameinaðs Alþingis við þrjár umræður og vera afgreidd sem lög frá Alþingi
10. Samkvæmt stjórnarskránni getur forseti lýðveldisins...:
- Synjað lagafrumvarpi staðfestingar og öðlast frumvarpið þá ekki gildi fyrr en úrslit þjóðaratkvæðagreiðslu um samþykkt eða synjun þess liggja fyrir
 - Synjað lagafrumvarpi staðfestingar að uppfylltum sérstökum skilyrðum og öðlast frumvarpið þá ekki gildi fyrr en úrslit þjóðaratkvæðagreiðslu um samþykkt eða synjun þess liggja fyrir
 - Synjað lagafrumvarpi staðfestingar með atbeina forsætisráðherra og öðlast frumvarpið þá ekki gildi fyrr en úrslit þjóðaratkvæðagreiðslu um samþykkt eða synjun þess liggja fyrir
 - Synjað lagafrumvarpi staðfestingar, en frumvarpið fær þó engu að síður gildi

11. Um setningu stjórnvaldsfyrirmæla gildir...:
 - a. Að þau verða almennt að eiga sér stoð í lögum og mega ekki ganga gegn lögum
 - b. Að þau verða ekki sett nema meira en helmingur alþingismanna sé á fundi og taki þátt í atkvæðagreiðslu
 - c. Að þau verða aðeins sett þegar brýna nauðsyn ber til
 - d. Að þau verða almennt að eiga sér stoð í lögum og mega ekki ganga gegn lögum nema þegar brýna nauðsyn ber til

12. Handhafar lagasetningarvalds geta falið handhöfum framkvæmdarvalds...:
 - a. Vald til að setja almenningi hvers konar reglur
 - b. Vald til að setja borgurunum reglur, þó aðeins innan vissra marka
 - c. Ótakmarkað vald til að setja reglur um ákveðið efni jafnvel þótt stjórnarskráin áskilji lög Alþingis
 - d. Vald til að setja reglur þegar stjórnarskráin heimilar það sérstaklega

13. Við mat á því hvort venja geti talist grundvöllur undir réttarreglur er litið til þess...:
 - a. Hvort venjan er gömul og rótgróin
 - b. Hvort venjunn hefur stöðugt verið fylgt
 - c. Hvort venjan er almennt kunn
 - d. Allra framangreindra atriða

14. Með lögjöfnun er átt við ...:
 - a. Að lagaákvæði sé beitt um lögákveðið tilvik sem er eðlisskylt því sem rúmast innan ákvæðisins
 - b. Að lagaákvæði sé beitt um lögákveðið tilvik sem er eðlisóskylt því sem rúmast innan ákvæðisins
 - c. Að lagaákvæði sé beitt um ólögákveðið tilvik sem er eðlisskylt því sem rúmast innan ákvæðisins
 - d. Að ólögákveðnu tilviki sé jafnað til einhvers annars ólögákveðins tilviks þannig að sanngjörn og eðlileg réttarregla gildi

15. Meginreglur laga ...:
 - a. Eru mikilvægar reglur í settum lögum, t.d. reglur um mannréttindi
 - b. Eru óskráðar reglur sem álykta má um með vísan til annarra réttarreglna, t.d. með vísan til settra laga
 - c. Eru sjónarmið um það sem er eðlilegt, sanngjarnt og réttlátt
 - d. Eru það sama og grundvallarlög

16. Aðferðir við lögskýringar...
 - a. Eru almennt lögbundnar að íslenskum rétti
 - b. Eru í engu tilviki lögbundnar að íslenskum rétti
 - c. Eru almennt ekki lögbundnar að íslenskum rétti þótt í einstökum tilvikum sé kveðið á um lögskýringar í settum lögum
 - d. Er flestar að finna í lögum nr. 32/1902 um skýringar settra laga o.fl.

17. Rýmkandi lögskýring...
- Merkir að efni lagaákvæðis er ákvarðað rýmra en orð þess gefa til kynna
 - Merkir að einstakt orð í lagaákvæði er skýrt rúmt, sbr. hins vegar svokallaða ákvarðandi skýringu
 - Merkir að vikið er frá orðum lagaákvæðis við val á lögskýringarsjónarmiði
 - Merkir að beitt er rýmkandi lögskýringarsjónarmiðum
18. Gagnályktun...
- Merkir að lagaákvæði er beitt um ólögákveðið tilvik sem er eðlisskylt því sem rúmast innan ákvæðisins
 - Merkir að lagaákvæði er beitt um lögákveðið tilvik sem er eðlisskylt því sem rúmast innan ákvæðisins
 - Merkir að um tilvik, sem ekki verður fellt undir lagareglu, er talin gilda önnur eða jafnvel andstæð regla
 - Merkir að um tilvik, sem ekki verður fellt undir lagareglu, er talin gilda sama eða samskonar regla
19. Að íslenskum stjórnskipunarrétti merkir hugtakið lýðveldi...
- Það sama og lýðræði
 - Það að æðsti handhafi ríkisvalds (forseti) sé þjóðkjörin
 - Það að allt vald stafi frá þjóðinni (lýðnum)
 - Það sama og þingræði
20. Stjórnsýslulög nr. 37/1993...
- Gilda um hvers konar athafnir stjórnvalda
 - Gilda um stjórnvaldsákvarðanir
 - Gilda um stjórnvaldsákvarðanir og stjórnvaldsfyrirmæli
 - Gilda um skráð fyrirmæli og ákvarðanir handhafa allsherjarvalds

B. Fullyrðingaspurningar (10%)

Merkið við hvort fullyrðing er rétt (R) eða röng (V) fyrir framan spurningu. Ekki eru dregin frá stig fyrir röng svör.

- Með fjárukalögum er unnt að veita heimild fyrir útgjöldum sem ekki voru séð fyrir við samþykkt fjárlaga
- Bráðabirgðalög verða sett þegar brýna nauðsyn ber til, enda þótt Alþingi sé að störfum
- Heitin „Auglýsing“ og „gjaldskrá“ eru dæmi um heiti stjórnvaldsfyrirmæla
- Þess eru dæmi í íslenskum rétti að sett lög vísi til venju
- Við textaskýringu setts lagaákvæðis kemur aldrei til greina að leggja almenna málvenju til grundvallar heldur aðeins lögfræðilegar málvenjur
- Að íslenskum rétti er almennt viðurkennt að óheimilt sé að styðjast við greinargerðir við skýringar á settum lögum

7. Algengasta lögskýringaleiðin að íslenskum rétti er svonefnd almenn lögskýring

8. Í reglunni *lex superior* felst að æðri reglur skuli ganga framur lægra settum reglum. Samkvæmt reglunni munu stjórnvaldsfyrirmæli forseta þannig t.d. ganga framur settum lögum Alþingis.

9. Tilgangur laga er dæmi um lögskýringaleið

10. Svonefndar viðskiptavenjur geta aldrei talist grundvöllur réttarreglna í lögskiptum manna

C. Ritgerðarspurning (10%)

Svarið spurningunni í prófbók.

Hvað felst í reglunni um beina réttarverkan samkvæmt rétti Evrópubandalagsins? Getu reglur EES-samningsins haft beina réttarverkan? Hvaða úrræði hefur einstaklingur eða lögaðili sem vill byggja rétt á ólögfestri reglu EES-samningsins?

2. Ábyrgðir (25%)

Fjallið um ógildi kröfuábyrgðar vegna þess að kröfuhafi hefur ekki gætt upplýsingaskyldu sinnar gagnvart ábyrgðarmanni.

3. Ágrip úr réttarfari (25%)

1) (15%)

- a. Lýsið þeim meginmun sem er á *einkamálum* annars vegar og *opinberum málum* hins vegar
- b. Gerið grein fyrir helstu sjónarmiðum um *aðild* að einkamálum
- c. Lýsið í stuttu máli hvaða *sakarefni* verða undir dómstóla borin í einkamálum

2) (10%)

Gerið grein fyrir helstu sönnunargögnum sem almennt er byggt á í einkamálum